

Árangur af einkavæðingu skipaskoðunar

Málþing 18. október 2006

Helgi Jóhannesson/Geir Þór Geirsson,
forstöðumaður stjórnáslusviðs SÍ

Breytt fyrirkomulag tók gildi 1. mars 2004.

- Faggiltar skoðunarstofur skipa tóku við hlutverki SÍ
- 12 starfsmenn SÍ hættu störfum, 5 umdæmis-skrifstofur lagðar niður
- Flestir fyrrverandi starfsmenn SÍ urðu starfsmenn skoðunarstofa
- Starfsleyfi og faggilding skoðunarstofa skipa
- 4 skoðunarstofur skipa tóku til starfa, 3 í dag
- Samkeppnisumhverfi og frjáls gjaldskrá

Frumkvæði

Viðtal við samgönguráðherra í fréttabréfi SÍ
“Til sjávar” september 1999;

“Þá er stofnun sjálfstæðrar skoðunarstofu skipa nokkuð sem ég hef mikill áhuga á að geti orðið að veruleika á kjörtímabilinu, en mitt mat er að löngu sé orðið tímabært að kanna hagkvæmni þess að koma skipaskoðun í annan farveg en nú er.”

Frumkvæði

Forsætisráðuneyti

- Ráðgjafanefnd um opinberar eftirlitsreglur
- Minnisblað fyrir ríkisstjórn 26. október 2000

Samgönguráðuneyti

- 2001 undirbúningur hefst
- Lög um eftirlit með skipum samþykkt vorið 2003
- Minnisblað til ríkisstjórnar 26. ágúst 2003
- Sí falið í ágúst 2003 að annast undirbúning breytinga á skipaskoðun

Lög og reglugerðir:

- Ný lög um eftirlit með skipum tóku gildi 1. jan. 2004, 10. gr.
 - “Siglingastofnun Íslands hefur heimild til að fela öðrum að framkvæma skoðun og gefur út starfsleyfi þeim til handa. Ráðherra setur reglugerð um starfsemi viðurkenndra skoðunaraðila.”

Kom í frumvarpið á lokastigum. Engin umræða á Alþingi um málið.
“Hljóðlátasta einkavæðingin”

- Reglugerðir
 - [200/2004](#); Augl. um Skoðunarhandbók skipa og báta
 - [94/2004](#); Rg. um starfshætti faggiltra skoðunarstofa skipa og búnaðar.
 - [1017/2003](#); Rg. um skoðanir á skipum og búnaði þeirra.

Hvert var markmiðið?

- Að færa skoðanir til faggiltra skoðunarstofa skipa sem starfa á almennum markaði
- Að einfalda framkvæmd eftirlitsins
 - færri skoðunaraðilar (SÍ, P&f., Fiskistofa, Umhverfisstofnun)
- Að stuðla að einsleitni í skoðun eftirlitsþátta
 - skoðunarhandbækur og skoðunarskýrslur
- Að verklegur þáttur skipaskoðunar sem fer fram um borð fari til skoðunarstofa, en ekki stjórnarsýsluþáttur eða framsal hans. Stofnanir annist eftir sem áður útgáfu nauðsynlegra skírteina og vottorða, eins og lög kveða á um.

Afstaða hagsmunaaðila

- Mætti gagnrýni útgerða, stéttarféлага og siglingaráðs
- Sett á ákvæði í reglugerð 94/2004:
 - Endurskoðun eftir tvö ár
 - Hámarksgjaldskrá samgönguráðherra að fenginni umsögn hagsmunaaðila

Heimildir skoðunarstofa

(1. gr. reglugerðar um starfshætti faggiltra skoðunarstofa skipa og búnaðar)

Hvað takmarkar heimildir:

- a – c) Farþegaskip og háhraðaför:
tilskipun 98/18/EB um farþegaskip, eingöngu starfsmenn stjórnvalds eða viðurkennds flokkunarfélags mega skoða
- d - f) Skip sem falla undir MARPOL eða LL:
tilskipun 94/57/EB um viðurkennd flokkunarfélög, eingöngu starfsmenn stjórnvalds eða viðurkennds flokkunarfélags mega skoða

Heimildir skoðunarstofa

(1. gr. reglugerðar um starfshætti faggiltra skoðunarstofa skipa og búnaðar)

■ g) Upphafsskoðun:

- Tilskipun 97/70/EB um fiskiskip og 98/18/EB um farþegaskip, eingöngu starfsmenn stjórnvalds eða viðurkennds flokkunarfélags
- Öll skip sem skal skrá á íslenska skipaskrá skulu skoðuð upphafsskoðun af starfsmönnum stjórnvalds

Heimildir skoðunarstofa

(1. gr. reglugerðar um starfshætti faggiltra skoðunarstofa skipa og búnaðar)

- h) Eftirlit með nýsmíði og meiriháttar breytingum skipa > 15 m:
 - Ákvörðun íslenskra stjórnvalda, í ljósi þess að íslenskar smíðareglur fyrir skip yfir 15 m eru takmarkaðar
- i) Þykktarmæling skipa:
 - Ákvörðun íslenskra stjórnvalda, þar sem starfandi var prófunarstofa sem uppfyllir staðal um skaðlausar prófanir sem gerð er krafa um hjá viðurkenndum flokkunarfélögum og systurstofnunum

Upphafsskoðun, hvað og hvers vegna

- Heildarskoðun á skipi fyrir skráningu til staðfestingar á að skip sé í samræmi við samþykkt gögn, ástand skips og búnaðar
- Umfang skoðunar tekur mið af því hvort skipið er flokkað hjá viðurkenndu flokkunarfélagi
- Stjórnvöld skulu halda úti skipaskrá sem geymir upplýsingar um skip, sem meðal annars er aflað áður en upphafsskoðun fer fram og í upphafsskoðun

Upphafsskoðun, hvað og hvers vegna

- Stjórnvöld gefa út og bera ein ábyrgð á ýmsum skírteinum á grundvelli þeirra upplýsinga sem skráðar eru á skipaskrá, s.s. mælibréf, skrásetningar- og þjóðernisskírteini, mönnunarskírteini
- Umræddar upplýsingar ákvarða undir hvaða reglur skipið fellur, hvaða réttinda er krafist og fjölda í áhöfn.

Upphafsskoðun, hvað og hvers vegna

- Ákvæði Evróputilskipana, s.s. 97/70/EB og 98/18/EB
- Breytt fyrirkomulag skipaskoðunar gerði aldrei ráð fyrir að upphafsskoðun færi frá SÍ
- Ákvörðun íslenskra stjórnvalda, að sama fyrirkomulag skuli gilda um öll skip sem skal skrá á íslenska skipaskrá, að skulu skoðuð upphafsskoðun af starfsmönnum stjórnvalds
- Upphafsskoðun í þeirri mynd sem hér um ræðir tíðkast meðal annars á Norðurlöndunum

Eftirlit með skoðunarstofum

- Áður en fullt haffæri er gefið út er gengið úr skugga um að viðeigandi upplýsingar úr skoðun hafi verið skráðar í skipaskrá
- Skoðun á skipi ef tilefni gefur
- Farið með skoðunarstofu og fylgst með framkvæmd skoðunar
- Aðstoð við faggildingaraðila með árlegum úttektum á skoðunarstofum

Skyndiskoðanir

- Framkvæmdar af Siglingastofnun Íslands og í samstarfi við Landhelgisgæsluna
- Fyrirvaralaus skoðun á haffæri skips
- Gefur hugmynd um framkvæmd skoðunar
- Miðað að 5-10% skipa séu skyndiskoðuð
- Ekki mælanlegur munur á fjölda athugasemda fyrir og eftir einkavæðingu

Af hverju er haffærisskírteini gefið út?

- Skal gefið út skv. 16. gr. l. nr. 47/2003
- Á að vera um borð
- Staðfesting á að skoðun sé lokið og skip uppfylli kröfur.
- Regnhlífarskírteini; öll önnur skírteini skips í gildi
- Eftirlit v/áhafnatrygginga skipa <20 BT
- Eftirlit Siglingastofnunar með skoðunaraðilum
- Skilyrði lögskráningar
- Skilyrði leyfis til veiða í atvinnuskyni
- Tilgreinir farsvið skipa út frá fjarskiptabúnaði ofl.

Hverjir nota upplýsingar um haffærisskírteini?

- Fiskistofa; útgáfa veiðileyfa
- Lögskráningarstjórar; vegna lögskráningar
- Vinnumálastofnun; atvinnuleysistryggingar smábátaeigenda <10BT (veiðileyfi)
- Skattstjórar; sjómannaafsláttur
 - (lögskráðir í skiprúm – stunda fiskveiðar á eigin fari)
- Ferðaskrifstofur; vilja ganga úr skugga um haffæri
- Vátryggingafélög: skilyrði trygginga
- Skipasalar, eigendur skipa og kaupendur skipa
- Lögfræðingar; vegna málareksturs
- Landhelgisgæsla, erlend yfirvöld ef veitt er erlendis eða skip er í viðgerðum eða breytingum erlendis, ofl.

Hver er árangurinn?

- Faggiltar skoðunarstofur skipa á almennum markaði
- Meiri einsleitni í skoðunum
- Verklegur þáttur til skoðunarstofa, en skírteini og vottorð hjá stofnunum
- Færri skoðunarmenn
- Kostnaður við skipaskoðun kominn upp á yfirborðið
- Hefur eftirlit opinberra aðila færst til skoðunarstofa?

TAKK FYRIR

Helgi Jóhannesson